

EFTIRLITSSKÝRSLA nr. 11

Sérstakt eftirlit sbr. 76. gr. laga nr. 60/2013

Dagsetning eftirlits: 28/10-30/10-'19

Nafn fyrirtækis: Landsnet hf.

Framkvæmdasvæði: Kröflulína 3

Tengiliður fyrirtækis: Bjarni Jónsson

UST201910-178/10.05.04

Ábyrgðarmaður eftirlits: Björn Stefánsson

Tilgangur eftirlits: Staðsetning slóða með það fyrir augum að draga úr umhverfisáhrifum og eftirlit með umgengni og frágangi.

Ábendingar: Skoðað svæði frá námu 25 að vegi að Stuðlafossi ásamt ábúanda.


Fylgja núverandi vegi að Stuðlafossi. Þarfnast styrkingar, nýrra ræsa og ganga þannig frá neðri kanti að þar safnist ekki snjór. Á einu stað þar sem vegurinn liggur inn í snjóþungan gilskorning ætti að færa veginn fram og hækka þar sem kröpp beygja er ofan við lækjarfarveg. Ábúandi hefur hugmyndir um að girða ofan við veginn og hefur áhuga á að slétta griðingarstæði samhliða lagfæringu á vegi. Það getur vel farið saman. Ekki stendur til að breikka veginn heldur byggja hann upp. Slóð liggur upp meðfram Fossá að vestan og þarf á köflum að bera í hana þar sem ekki er á mold og þarna þarf að forðast að raska jarðvegi þar sem mikið úrrennsli er þar sem ekið hefur verið á moldarbornu efni. Frá enda slóðar sem sýnd er sem gul lína á korti er sýnd bein blá lína að mastri nr. 264. Farið var um þetta svæði sem eru mjög grófgerður fjalldrapa mói sem virðist nokkuð blautur og auk þess nokkrir skorningar. Við fyrstu sýn virðist þetta ekki vera mjög fýsilegur kostur.

Samkvæmt landeigenda er nokkuð greiðfær slóð á austurbakka Fossár gilsins og væri farin sú leið að námu 25 með tæki ef framhald verður á verkinu þarna í vetur. Skoða ætti hvort unnt væri að tengjast þeirri slóð t.d. frá mastri 266 í stað leiðar að mastri 264 þar sem unnt er að þræða gróðurlitla mela að Fossá. Óvíst hvort landeigandi verði sáttur við þetta þar sem hann leggur mikla áherslu á að slóðir í hans landi verða lagðar eins og kostur er í beinar línur. Unnt verður að taka skeringar neðan við námu 25 en það kallar á að slóðin verði á þeim stöðum sveigð að viðkomandi melum. Einnig ætti að skoða hvort unnt verði að komast að mastri 262 frá vegi að Stuðlafossi. Náma 24 er ekki nákvæmt staðsett. Þarna hefur efni verið tekið á gilbrún neðan við Stuðlafoss og ætti að skoða vandlega hvernig unnt sé að taka þarna efni án þess að til lýta verði.

Frávik: Engin

Niðurstaða eftirlits: Skoðaðar mögulegar leiðir frá námu 25 að Klausturseli

1. nóvember 2019, Björn Stefánsson



f.h. Umhverfisstofnunar

Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í náttúruverndarlögum eða mati á umhverfisáhrifum.
Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á sem ekki telst frávik.